

Ár 2015, Mánudaginn 23. mars er dómþing haldið í Dómstóli ÍSÍ að Austurvegi 3, Selfossi af settum dómara Ólafi Björnssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 5/ 2015

Badmintonfélag Hafnarfjaðar (BH)
gegn
Íþróttabandalagi Hafnarfjarðar (ÍBH)

ÚRSKURÐUR:

Bréf frá Ingimar Ingimarssyni hrl f.h. kæranda BH, kt. 501001-3090 á hendur Íþróttabandalagi Hafnarfjarðar, barst skrifstofu ÍSÍ þann 13. mars 2015 sl.

Í bréfinu var óskað eftir því, með vísan til 2. og 3. mgr. 24. gr. laga ÍSÍ, að kæra BH, frá 23. feb. sl. á hendur IBH yrði tekin efnislega fyrir af dómstólnum, og hinum kærða úrskurði um frávísun málsins frá 10. mars yrði því hrundið, en til vara að dómstóllinn veiti leyfi til þess að málið verði rekið efnislega fyrir dómnum.

Dómstóllinn telur ekki rök til þess að taka nýja ákvörðun í málínu, enda stendur óhaggað að ákvörðun stjórnar IBH, um að taka tíma af BH í íþróttahúsinu í Strandgötu, var tekinn 13. feb. sl., en sú ákvörðun var ekki kærð til dómstóls ÍSÍ fyrr en 10 dögum síðar.

Hinsvegar telur dómstóllinn, eins og málsatvikum er að öðru leyti háttað, rétt að fallast á varakröfu kæranda um að málið fá meðferð fyrir dómstólnum, jafnvel þó kærufrestur hafi verið útrunninn samkvæmt ströngustu túlkun.

Af þessum sökum er rétt að gefa kærða, Íþróttabandalagi Hafnarfjarðar, $\frac{1}{2}$ mánaðar frest til að skila greinargerð, en dómarí hefur ákveðið að málið verði flatt skriflega.

Úrskurðarorð:

Mál kæranda Badmintonsfélags Hafnarfjarðar, kt. 501001-3090
gegn Íþróttabandalagi Hafnarfjarðar, verður tekið fyrir af
dómstól ÍSÍ.


Ólafur Björnsson

Um málsskotsheimild:

Grein 24.3 í lögum ÍSÍ:

„Sé malið vísað frá dómi hefur kærandi þriggja daga frest til að skjóta málínu aftur fyrir dómstóllinn. Frestur skal byrja að líða þegar frávísun berst kæranda og almennir frídagarár skulu ekki telja með.